

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 414/2021 um skoðun ökutækja.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. másl. a-liðar 1. mgr. orðast svo: Eftirfarandi ökutæki skal fyrst færa til reglubundinnar skoðunar á fjórða ári frá fyrstu skráningu, að skráningarárinu frátöldu.
- b. 1. másl. b-liðar 1. mgr. orðast svo: Ökutæki í notkunarflokknum „ökutækjaleiga“ og ökutæki skv. a-lið í notkunarflokknum „ökukennsla“ skal fyrst færa til reglubundinnar skoðunar á þriðja ári frá fyrstu skráningu, að skráningarárinu frátöldu.
- c. 1. másl. c-liðar 1. mgr. orðast svo: Fólks- eða sendibifreið í eftirfarandi notkunarflokkum skal færa árlega til reglubundinnar skoðunar.
- d. 1. másl. d-liðar 1. mgr. orðast svo: Eftirfarandi ökutæki skal færa árlega til reglubundinnar skoðunar.
- e. F-liður 1. mgr. orðast svo: Ökutæki í notkunarflokknum „fornökutæki“ skal skoða á tveggja ára fresti. Skoðunarár miðast við fyrstu skráningu.
- f. Í stað orðsins „almanaksárinu“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: síðustu 12 mánuðum.
- g. Á eftir orðinu „notkunarflokki“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: eða ökutækisflokk.
- h. Á eftir orðinu „notkunarflokk“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: eða ökutækisflokk.
- i. Í stað 1. másl. 6. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Heimilt er að færa ökutæki til reglubundinnar skoðunar allt að sex mánuðum fyrir lögbundinn skoðunarmánuð á almanaksárinu. Þá er heimilt að færa ökutæki til skoðunar allt að tíu mánuðum fyrr, á almanaksárinu, hafi ökutækið gilda aðalskoðun sem fram fór fyrir 1. nóvember liðins árs með niðurstöðunni „án athugasemda“ eða „lagfæring“ samkvæmt skoðunarvottorði.

2. gr.

Í stað orðanna „óháð almanaksári“ í 1. másl. 2. mgr. 7. gr. koma orðin: á almanaksárinu.

3. gr.

- a. Orðin „eða staðgengli hans“ í f-lið 1. mgr. 12. gr. falla brott.
- b. Orðin „eða staðgengli hans“ í f-lið 1. mgr. 15. gr. falla brott.
- c. Orðin „, staðgengla hans“ í 1. másl. 1. mgr. 29. gr. falla brott.
- d. Orðin „,staðgengils hans“ í 3. másl. 1. mgr. 29. gr. falla brott.
- e. Orðin „,staðgengill hans“ í 1. mgr. 30. gr. falla brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á b-lið 1. mgr. 16. gr.:

- a. I-liður verður svohljóðandi: skoða önnur ökutæki en heimilt er,
- b. II-liður verður svohljóðandi: sinna ekki innheimtu gjalda sem skoðunarstofu eða endurskoðunarverkstæði er falið,.

5. gr.

2. másl. f-liðar 1. mgr. 19. gr. verður svohljóðandi: Séu skráningarmerki ekki á ökutækinu skal tryggja að svæði fyrir þau séu skoðuð og að skráningarmerki verði skoðuð á geymslustað áður en þau eru sett á ökutækið.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. másl. 1. mgr. 21. gr. orðast svo: Niðurstaða skoðunar getur verið eftirfarandi:.
- b. 2. og 3. mgr. falla brott.

7. gr.

1. másl. 1. mgr. 22. gr. verður svohljóðandi: Undirritað eða staðfest eintak skoðunarvottorðs skal afhent eiganda eða umráðamanni ökutækisins, óski hann þess.

8. gr.

A-liður 1. mgr. 24. gr. verður svohljóðandi: skrá niðurstöðu skoðunar og aðrar tæknilegar upplýsingar í skoðunarvottorð skv. 22. gr.,

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. mgr. verður svohljóðandi: Tæknilegur stjórnandi skoðunarstofu skal vera verkfræðingur, tæknifræðingur eða meistari í bifvélaþvirkjun. Tæknilegur stjórnandi skal hafa a.m.k. fjögurra ára skjalfesta starfsreynslu í tæknimálum ökutækja, þar af þrjú þeirra á síðustu tíu árum. Við mat á starfsreynslu skal horft til þátta sem taldir eru upp í a-lið 1. mgr. IV. viðauka við tilskipun nr. 2014/45/ESB. Samgöngustofu er heimilt að meta starfsreynslu og aðra sambærilega menntun jafngilda.
- b. 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Hann skal hafa sótt námskeið í grunnþjálfun skoðunarmanna og staðist bóklegt og verklegt próf, sbr. 28. og 29. gr.
- c. 4. mgr. fellur brott.

10. gr.

3. mgr. 27. gr. verður svohljóðandi: Skoðunarmaður skal hafa ökuréttindi til aksturs þeirra ökutækja sem hann verður sjálfur að aka við framkvæmd skoðunar.

11. gr.

1. mgr. 28. gr. verður svohljóðandi: Grunnþjálfun og endurmenntun skoðunarmanna skal fara fram hjá þjálfunarstöð sem viðurkennd er af Samgöngustofu eða hjá öðrum aðila sem hefur sérstakt leyfi Samgöngustofu. Viðurkenning gildir í þrjú ár og má að þeim tíma liðnum framlengja hana til allt að fimm ára í senn.

12. gr.

Í stað orðsins „ökutækjaflokk“ í 3. másl. 1. mgr. 29. gr. koma orðin: skoðunartegundir og ökutækisflokka.

13. gr.

2. mgr. 35. gr. verður svohljóðandi: Skráningarskoðun skal metin sem fyrsta reglubundna skoðun ökutækis.

14. gr.

Við 36. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Fulltrúa- og samanburðarskoðanir skulu metnar sem fyrstu reglubundnu skoðanir ökutækis.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða við reglugerðina:

- a. Í stað orðanna „1. janúar 2024“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: 1. janúar 2026.
- b. Í stað orðanna „1. janúar 2024“ í 3. másl. 1. mgr. kemur: 1. janúar 2025.
- c. Í stað orðanna „1. janúar 2024“ í 4. másl. 1. mgr. kemur: 1. janúar 2026.
- d. 2.-4. mgr. falla brott.
- e. Í stað orðanna „1. júlí 2024, í 5. mgr. kemur: 1. janúar 2025.
- f. 6.-8. mgr. falla brott.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 1. gr. í viðauka I við reglugerðina:

- a. 2. tölul. orðast svo: Nægilega stór akrein til að nota við hverja prófun, gryfja eða lyfta og búnaður til að lyfta ökutæki á öðrum ásnum, með viðeigandi lýsingu og ef nauðsyn krefur, loftræstibúnaði.
- b. 18. tölul. orðast svo: Snúningshraðamælir í tengslum við hávaða- og mengunarmælingar (valkvæður búnaður).

17. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 74. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu,

júní 2024.

Svandís Svavarsdóttir.

Aðalsteinn Þorsteinsson.